

Stærðfræði 2. bekkur

Kennari: Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir og Kolbrún Hjörleifsdóttir

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 6 kennslustundir á viku. Greinin er að auki samtvinnuð inní aðrar námsgreinar með ýmsum hætti. Við erum meðvitaðar um að í daglegu lífi grípum við oft til stærðfræðinnar við hin ýmsu tækifæri og einblínum á, að við leik og nám séu gripin tækifæri sem bjóðast við að túlka stærðfræði úr ýmsum athöfnum og átta okkur á hvenær við grípum til hennar og hvaða aðferðum við beitum.

Samkv. aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun. Leitast skal eftir að tengja þessa þætti inní form kennslunnar eins og kostur er.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingataekni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Að nemendur geti tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. Þeir geti leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi og ígrundun og notað áþreifyanlega hluti og eigin skýringarmyndir.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

- Að nemendur læri að nýta sér hlutbundin gögn við rannsóknir á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Þeir þekki og geti túlkað einföld stærðfræðitákn og tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Að nemendur nái góðum tókum á rithætti talna. Þeir þrói fjölbreyttar lausnaleiðir og geti unnið í samvinnu við aðra í leit að lausnum og rætt lausnarleiðir. Einnig að nemendur kynnist verðgildi peninga.

Tölur og reikningur

- Að nemendur nái góðum tókum á tölunum 0-100. Þeir geti raðað þeim í röð og borið saman. Noti tugakerfisrithátt og þrói hentugar aðferðir sem að byggja á skilningi við samlagningu og frádrátt. Einnig að þeir þekki „tíuvínina“

Algebra

- Læri að finna mynstur í umhverfi sínu og læri og þrói aðgerðir við að finna „týndu töluna.“

Rúmfræði og mælingar

- Geti mælt lengd með óstöðluðum mælieiningum. Greini formin hringur, þríhyrningur, ferningur og réttthyrningur sem og kunni að spegla þau einföldustu. Þeir þekki hugtökin þyngd, tími, hitastig og lengd.

Tölfræði og líkindi

- Að nemendur geti tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur. Þeir geti talið, flokkað, skráð og lesið uppýsingar í töflu og súlurit og rætt niðurstöður.

Skipulag kennslunar

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

Námsleiðir og námsefni:

Stærðfræðispæjarar 1 og 2, Verkefni úr Sproti 2a nemendabók og æfingabók, Sproti 2b nemendabók og æfingabók, gagnvirkir efni, námsleikir, Stærðfræði 2A og 2B sem og náttúra okkar og umhverfi. Hlutbundinn vinna og leikir bæði einstaklings og samvinnu.

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Einkunnir eru gefnar í umsögnum.

